

## Gæðastefna Rafal

Gæðastefna Rafal byggir á að setja upp og viðhalda gæðastjórnunarkerfi á grundvelli ÍST EN ISO 9001-2015 á starfsemi fyrirtækisins til að auka gæði á vörum og þjónustu til viðskiptavina Rafal.

Stefna okkar er að skipuleggja verk fyrirtækisins á þann hátt að:

1. Vera í fremstu röð fyrirtækja sem starfa við rafveituvirkjun, rafvirkjun, fjarskipta- og raforkuiðnað hvað varðar fagmennsku, gæðamál, öryggisstjórnun og tækjabúnað.
2. Til staðar séu lýsandi ferlar fyrir öll þjónustu- og framleiðsluverk.
3. Til staðar séu upplýsingar um framkvæmd verka.
4. Notuð séu viðeigandi tæki, búnaður og gögn.
5. Að stunduð séu góð vinnubrögð.
6. Ánægja viðskiptavina Rafal aukist.
7. Að skila vel unnu verki á umsömdum tíma og ábyrgjast vinnubrögð og efni.
8. Afla þekkingar og leita leiða til stöðugra endurbóta á gæðastjórnunarkerfinu.

Stjórn Rafal leggi áherslu á að:

- Að starfsfólk geri sér grein fyrir að vinna við gæðastjórnunarkerfið sé á herðum allra í fyrirtækinu.
- Öll samskipti við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila fari fram á uppbyggilegan hátt.
- Fylgjast með væntingum og kröfum viðskiptavina með það að leiðarljósi að uppfylla þær eins vel og kostur er.
- Ná fram bættum rekstrarárangri og sterkari markaðsstöðu með úrbótum á sviði gæðamála.
- Tryggja að lög, reglur og samningar sem að starfseminni snúa séu uppfylltir í hvívetna.

Stjórn Rafal hyggst framfylgja þessari stefnu með því að:

- Tryggja aðgang starfsmanna að gögnum gæðastjórnunarkerfisins eins og við á gegnum rafræna rekstrarhandbók.

## Gæðastefna Rafal

- Miðla upplýsingum tengdum gæðastjórnunarkerfinu til starfsmanna.
- Gera viðhorfskönnun innan fyrirtækisins.
- Gera viðhorfskönnun meðal viðskiptavina.
- Tryggja að til staðar séu auðlindir fyrir starfrækslu gæðastjórnunarkerfisins.
- Fylgjast með námsframboði fyrir starfsfólk og hvetja það til að afla sér aukinnar þekkingar eftir því sem við á.
- Fylgjast með og tileinka sér nýjustu tækni og verklag varðandi rafveituvirkjun, rafvirkjun, fjarskipta- og raforkuiðnaðinn hvað varðar þekkingu, öryggis- og gæðamál.